

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. desember 2010
Tilvísun: 2010120004/50.11
Project Number: 1227000

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld, 313. mál

Orkustofnun hefur borist erindi efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 7. desember 2010, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld, 313. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér frumvarpsins og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemd.


Í 49. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, og varðar heimild til að endurgreiða vörugjald af ökutækjum sem hefur verið breytt þannig að ökutækið nýtir metan í stað bensíns eða dísilolíu og hefur verið skráð sem slíkt hjá Umferðarstofu.

Af umræddri tillögu má ráða að þar er eingöngu átt við metanbíla. Með vísan til þess telur Orkustofnun að þar sé verið að gera upp á milli tæknilausna, enda er hér á landi að finna ökutæki sem ganga að mestu eða öllu leyti á innlendum, visthæfum orkugjöfum sem ekki eru metan og út frá almennum jafnræðissjónarmiðum ættu slík ökutæki að fá sömu fyrirgreiðslu.

Orkustofnun telur að í stað þess að tala um metanbíla væri hægt að kveða á um "bíla sem hafa sérbúnað, frábrugðinn hefðbundnum bensín- eða dísilbílum, sem gerir þeim kleift að ganga fyrir innlendum, visthæfum orkugjafa að mestu eða öllu leyti". Í framhaldi væri unnt að kveða nánar á um flokkun þessa ökutækja í reglugerð. Við slíka útfærslu þarf eftir sem áður að vanda vel til verka svo allir dísilbílar falli ekki undir þennan flokk þar sem þeir geta einnig gengið fyrir lífdísilolíu sem nú er framleidd hérlendis.

Orkustofnun gerir ekki frekari athugasemdir við umrætt lagafrumvarp að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
f. h. orkumálastjóra


Lárus Ólafsson
yfirlögfræðingur